



Bygðastofnun

Þróunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 140/1988
komudagur 26.4.2012

Dagsetning
26. apríl 2012

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, mál 329 og tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglugerða um kaup erlendra aðila á jörðum á Íslandi, mál 358.

Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.


Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur heppilega leið að skipuð verði nefnd til að endurskoða lög og reglugerðir um kaup erlendra aðila á landi og í framhaldi settar skýrar reglur um landakaup. Stofnunin vill benda á að heppilegt væri að horfa til reglna á strjálbýlum og afskekktum svæðum, svo sem í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, ekki síður en í Danmörku.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2002
komudagur 30.4.2012

Reykjavík, 27. apríl 2012
EBG/hó

Efni. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, á 140. löggjafarþingi, þskj. 395 - 329. mál
Tilv. 2012040007

Tillagan barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 11. apríl 2012.

Bændasamtökin eru meðmælt því að þingsályktunartillagan verði samþykkt. Bændasamtökin vilja hins vegar benda á að Ekki dugir að taka einstaka þætti í starfsumhverfi bænda og breyta tilviljanakennt. Bændasamtökin hafa ítrekað bent á undanfarið að huga þurfi að lagaumgjörð um bújarðir í heild sinni. Í mörgum aðskildum lagabálkum er í dag fjallað um málefni eins og aðgengi að beitarnlandi og ræktarlandi, nýtingu þess og vernd, árekstra vegna beitarmála, girðinga og lausagöngu búfjár, viðhald framræsluskurða, hagsmuni skógræktar annars vegar og beitarn hins vegar, nýtingu auðlinda og hlunninda, vatnsréttindi, umferðarrétt almennings og svo mætti lengi telja. Fara þarf í markvissa vinnu við að ramma inn réttindi og skyldur jarðeigenda.

Eftir því sem næst verður komist eru drög að frumvarpi til breytinga á jarðalögum og ábúðarlögum í vinnslu í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Ef þingsályktunartillagan verður samþykkt hlýtur þeirri vinnu að vera sjálfhætt, a.m.k. í bili. Með samþykkt hennar tekur löggjafinn ákvörðun um að hefja endurskoðun á öllu regluverki sem snýr að kaupum útlendinga á íslensku jarðnæði. Jarðalög og ábúðarlög hljóta að gegna þar lykilhlutverki.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.

Alþingi
Erindi nr. P 140/1916
komudagur 23.4.2012



ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

Reykjavík 23. apríl 2012

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

329. og 358. mál.

Umsögn um tillögur til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna um kaup á jörðum á Íslandi

Vísað er til tölvupósta frá nefndasviði Alþingis, dagsettra 12. apríl 2012, þar sem óskað var umsagnar Íslandsstofu um annars vegar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi (329. mál) og hins vegar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglugerða um kaup erlendra aðila á jörðum á Íslandi (358. mál). Í ljósi skyldleika tillagnanna kýs Íslandsstofa að skrifa eina umsögn um báðar tillögur.

Að mati Íslandsstofu er eðlilegt að endurskoðun laga og reglna um yfirráð erlendra aðila yfir jörðum á Íslandi falli undir þá umfangsmiklu vinnu sem boðuð er í þingsályktunartillögu efnahags- og viðskiptaráðherra um stefnu um beina erlenda fjárfestingu (385. mál). Vísað er til umsagnar Íslandsstofu til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um þá tillögu. Þar er tekið fram að samkvæmt greinargerðinni og skýrslu starfshóps um mótun stefnu um beinar erlendar fjárfestingar feli tillagan m.a. í sér að fara eigi yfir allt lagaumhverfi beinnar erlendar fjárfestingar og gera áætlun um endurskoðun þess með það að markmiði að bæta samkeppnisstöðu Íslands. Sá hluti sem snýr að yfirráðarétti yfir fasteignum, þ.m.t. landi, er mikilvægur hluti af regluverki um beina erlenda fjárfestinga. Heimild til að veita undanþágur þar að lútandi er hluti af lögum 99/2010 um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi. Slíkar undanþágur hafa verið hluti af fjárfestingarsamningum.

Að jafnaði hafa erlendar fjárfestingar til atvinnuuppbyggingar ekki krafist mikils jarðnæðis en á því gætu orðið breytingar, ekki síst ef sú stefna gengur eftir að efla hér fjárfestingar í ferðaþjónustu til að styrkja þá mikilvægu atvinnugrein sem heilsársgrein og dreifa álagi á viðkvæm náttúrusvæði vegna fjölgunar ferðamanna. Þá gæti uppbygging matvælaframleiðslu og fiskeldi kallað á yfirráð yfir jörðum.

Erlendir fjárfestar sýna því almennt skilning að einstök ríki setji varúðarreglur og gera ekki athugasemdir við slíkt. Lykilatriðið er hins vegar að reglur og takmarkanir byggi á vel rökstuddum og hlutiægum forsendum og að beiting þeirra sé gagnsæ og fyrirsjáanleg. Óskýrar reglur og ákvarðanir sem taka má eftir geðþótta eða með ófyrirsjáanlegum hætti eru skaðlegastar eins og rakið er í skýrslu starfshóps um mótun stefnu um beinar erlendar fjárfestingar sem fylgir þingsályktunartillögu um mótun stefnu um beinar erlendar fjárfestingar.

Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2019
komudagur 2.5.2012

Gunnarsholti, 27. apríl 2012

Efni: Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 329. mál.

Með rafbréfi, dags. 11. apríl 2012, óskaði allsherjar- og menntamálanefnd eftir athugasemdum Landgræðslu ríkisins vegna tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi.

Landgræðsla ríkisins tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni að nauðsynlegt sé að marka skýrar reglur um möguleika erlendra aðila til að kaupa eða eftir atvikum að leigja jarðir á Íslandi.

Ásókn í land er alþjóðlegt vandamál sem fer hraðvaxandi og eiga þar einkum stórfyrirtæki í hlut eða jafnvel þjóðlönd, sem vilja tryggja sína framtíðarhagsmuni. Það er lítt eftirsóknarvert að verða leiguliðar í eigin landi, svo vitnað sé til orða forsætisráðherra Nýja Sjálands.¹ Talsverð umræða hefur verið um kaup erlendra aðila á jörðum hérlendis. Ef af líkum lækur mun sú ásókn aukast og í ljósi reynslu ýmissa annarra landa er full ástæða til að undirbúa jarðveginn, móta stefnu til framtíðar og útfæra regluverkið eftir henni.

Alþjóðleg reynsla sýnir að þegar land er komið í hendur eigenda sem búa víðs fjarri, þá getur orðið erfitt að vinna að markmiðum umhverfisverndar og sjálfbærrar þróunar, þ.m.t. vernd og endurreisn landkosta. Sem dæmi um slíkar niðurstöður má nefna skýrslu Alþjóðabankans um „Land grabbing“ frá sept. 2010.²

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Birkir Snær Fannarsson

¹ http://www.nzherald.co.nz/nz/news/article.cfm?c_id=1&objectid=10656731

² <http://www.grain.org/article/entries/4021-world-bank-report-on-land-grabbing-beyond-the-smoke-and-mirrors>